

562

Þú, Guð, sem stýrir stjarnaher



1. Þú, Guð, sem stýr - ir stjarn - a - her og stjórna - ar ver - öld -
 2. Stýr mín - u hjarta' að hugs - a gott og hyggja' - að vilj - a
 3. Stýr minn - i tungu' að tal - a gott og tign - ar þinn - ar
 4. Stýr minn - i hönd að gjör - a gott að gleði' - eg öðr - um

inn - i, í straum - i lífs - ins stýr - þú mér með
 þín - um og má þú hvern þann blett - á brott er
 minn - ast, lát aldr - ei bak - tal, agg - né spott í
 veit - i svo breytn - i mín þess ber - i vott að

sterkr - i hend - i þinn - i.
 býr - í hug - a mín - um.
 orð - um mín - um finn - ast.
 barn - þitt gott - ég heit - i.

5. Stýr mínum fæti' á friðarveg
 svo fótspor þín ég reki
 og sátt og eining semji ég
 en sundrung aldrei vekti.

6. Stýr mínum hag til heilla mér
 og hjálpar öðrum mönnum
 en helst og fremst til heiðurs þér
 í heilagleika sönnum.

7. Stýr mínu fari heilu heim
 í höfn á friðarlandi,
 þar mig í þinni gæslu geym,
 ó, Guð minn allsvaldandi.